



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi

GREININGARDEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

September 2015

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	SAMANTEKT.....	4
3	LÍKLEG ÞRÓUN, FRAMTÍÐARHORFUR OG HELSTU ÁSKORANIR	6
4	MANSAL	8
4.1	MANSAL TENGT KYNLÍFSPJÓNUSTU	8
4.2	VINNUMANSAL	9
5	VÆNDI	10
6	KYNFERÐISBROT	10
7	FÍKNIEFNAMÁL.....	11
7.1	AÐGENGI AÐ FÍKNIEFNUM	13
7.2	ÓLÖGLEGUR HAGNAÐUR AF SKIPULAGÐRI BROTASTARFSEMI	14
7.3	STERAR	14
8	AUÐGUNARBROT	15
9	TÖLVUBROT	16
9.1	SVIK	17
9.2	FJÁRKÚGUN	18
9.3	VIÐBRÖGÐ LÖGREGLU	18
10	FÖLSUÐ SKILRÍKI	19
11	GLÆPASTARFSEMI TENGD SMYGLI Á FÓLKI	19
12	LOKAORÐ.....	21

1 Inngangur

Eitt af hlutverkum greiningardeildar ríkislögreglustjóra samkvæmt reglugerð nr. 404/2007 er að vinna stefnumiðaða greiningu (e. „strategic analysis“) varðandi ógn af skipulagðri brotastarfsemi til lengri tíma. Mat þetta ber að vinna á viðtækum grunni sem taki mið af þróun mála héraðs og erlendis. Jafnframt er greiningardeild ætlað að segja til um líklega framtíðarþróun á þessu sviði.

Fyrsta skýrsla þessarar gerðar var unnin fyrir árið 2008. Í þeirri skýrslu og þeim sem á eftir fóru var dregin upp heildarmynd af skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi.

Skýrsla ársins 2015 er unnin á grundvelli upplýsinga úr umdæmum lögreglu. Staðlað blað með spurningum um þá brotaflokkasem til umfjöllunar eru var sent öllum umdæmum lögreglu í marsmánuði 2015. Jafnframt var efnt til fundar með lögreglu í öllum umdæmum landsins.

Að auki er í skýrslunni stuðst við upplýsingar úr gagnabönkum lögreglu og upplýsingar frá erlendum löggæslustofnunum.

2 Samantekt

Margvíslegir brotaflokkar geta fallið undir hugtakið „skipulögð brotastarfsemi“. Þar ber helst að nefna stórfelld fíkniefnabrot, mansal, vændi, auðgunarbrot, tölvubrot og skjala- og skilríkjafölsun. Skipulögð brotastarfsemi er ekki til sem sérstakur skráningarflokkur í upplýsingakerfum lögreglu á Íslandi. Af því leiðir að aðgerðir lögreglu til að fækka brotum í einstökum brotaflokkum geta verið fallnar til þess að draga úr umsvifum skipulagðra glæpahópa hér á landi.

Ísland fullgilti Palermó-samninginn gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi í maímánuði 2010 og mansalsbókun við samninginn í júní það ár. Ísland gerðist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu 1. mars 2010.

Í grein 175 a. almennra hegningarlaga segir: „Sá er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskygni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.“

Enginn vafi er á því að á Íslandi starfa hópar sem falla undir þessa lýsingu laga á skipulögðum brotasamtökum. Í því efni er gerður greinarmunur á innlendum og erlendum afbrotahópum. Með hugtakinu „erlendir hópar“ er átt við þá hópa afbrotamanna sem rætur eiga að rekja til erlendra ríkja, þó svo viðkomandi kunni í einhverjum tilvikum að vera íslenskir ríkisborgarar, og eru iðulega í tengslum við skipulagða glæpahópa, „mafíur“, í upprunalandinu. Hér á landi eru einkum starfandi hópar sem eiga rætur að rekja til Mið- og Austur-Evrópu og Austur-Asíu.

Innlendir teljast þeir hópar sem bornir eru uppi af íslenskum ríkisborgurum. Við blasir að á tímum hnattvæðingar verður sífellt erfiðara að gera þennan greinarmun. Hann telst á hinn bóginn enn gagnlegur ekki síst sökum þess að greina má nokkurn mun á þessum hópum, aðferðafræði þeirra, sérhæfingu og umsvifum.

Tiltækar upplýsingar benda til þess að erlendir hópar séu um flest betur skipulagðir en þeir sem innlendir teljast. Starfsemin sé síður háð tilviljunum og að meiri „atvinnumenska“ einkenni hana t.a.m. hvað verkaskiptingu varðar. Alhæfingar í þessa veru eru þó varasamar, lífið í undirheimum er kvíkt og um margt ófyrirsjáanlegt. „Samstarfsfletir“ eru margvíslegir og bandalög myndast og

tvístrast á víxl. Þá er þekkt að einstaklingum innan þessara hópa sé „skipt út“ og enginn efi er á því að hingað til lands hafa menn komið sérstaklega í þeim tilgangi að fremja afbrot.

Með nokkurri einföldun má segja að innlendir afbrotahópar greini sig frá þeim erlendu að því marki að samstarf þeirra sem að koma er almennt og yfirleitt heldur tilviljanakenndara - „lausara í reipunum” - en við á um hópa sem rætur eiga að rekja til erlendra ríkja. Menn vinna saman þegar henta þykir og eru tilbúnir til að sameinast um ákveðin „verkefni“ t.a.m. tiltekna fíkniefnasendingu. Í þessum efnum sem öðrum sæta menn færiss og grípa þau tækifæri sem gefast. Oft er um að ræða sterka leiðtoga sem hafa þekkingu, reynslu og getu og finna sér síðan samstarfsmenn eftir þörf hverju sinni.

Taka ber fram í þessu efni að takmarkaðar rannsóknir hafa farið fram seinni ár hvað varðar erlenda afbrotahópa. Þetta kemur einkum til af því að lögreglan hefur takmarkaða getu til að sinna umfangsmiklum rannsóknum á skipulögðum brotahópum með þeirri frumkvæðisvinnu og upplýsingaöflun sem slíku fylgir. Almennt gildir að slíkar rannsóknir eru umfangsmeiri og um flest erfiðari þegar erlendir hópar eiga í hlut. Brotastarfsemi erlendra hópa telst því að verulegum hluta falin og lítt þekkt.

Þau brot sem helst hafa verið á borði lögreglu eru framleiðsla og innflutningur fíkniefna, á sama tíma og farsímaþjófnaðir og tölvubrot hafa rutt sér til rúms. Teikn eru á lofti um vinnumansal, ekki síst utan höfuðborgarinnar og ljóst er að jafnan er hætta á skipulögðum þjófnum og innbrotum.

Lögregla telur að fimm til tíu hópar séu virkir á sviði skipulagðrar brotastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að þessir aðilar láta ekki eingöngu til sín taka á höfuðborgarsvæðinu og vísbendingar eru um aukin umsvif á landsbyggðinni. Um fjölda hópa þar skortir upplýsingar en flest bendir til að sé skipulagða hópa að finna utan höfuðborgarinnar hafi þeir yfirleitt og jafnvel alltaf tengsl við hópa á höfuðborgarsvæðinu.

Greiningardeild hefur í skýrslum fyrri ára ítrekað vakið athygli á auknum umsvifum hópa afbrotamanna utan höfuðborgarinnar einkum hvað varðar framleiðslu fíkniefna. Fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að í vöxt færiss að framleiðsla á landsbyggðinni fari á markað í Reykjavík. Ljóst er jafnframt að önnur skipulögð brotastarfsemi fær þrífist utan höfuðborgarsvæðisins t.a.m. vinnumansal og skipulögð auðgunarbrot. Upplýsingar skortir um umfang þessa. Þess eru dæmi að þekktir íslenskir brotamenn búi utan höfuðborgarinnar og hafa vopn og þýfi fundist í vörslu þeirra.

Við mat á stöðu lögreglunnar á landsbyggðinni, einkum með tilliti til frumkvæðislöggæslu, ber að hafa í huga að verkefnum þar fjölgar í takt við aukinn straum ferðamanna. Honum fylgir til dæmis aukinn fjöldi slysa auk þess sem iðulega fer fram tímaflek og krefjandi leit að týndu fólki. Slíkt kallar á mikla vinnu af hálfu lögreglunnar. Nefna má til samanburðar að nú munu 24 landverðir

starfa í Vatnajökulspjóðgarði en lögreglumenn á Suðurlandi eru alls 34, á svæði sem nær frá Sandskeiði við Bolöldu austur fyrir Höfn í Hornafirði. Fleiri dæmi um áskoranir lögreglu á landsbyggðinni mætti nefna; svo sem fjölda hafna á Austurlandi þar sem lítið sem ekkert eftirlit á sér stað sökum mannekle. Stærð umdæma hefur einnig áhrif á starfssemi lögreglu þar sem viðbragðstími hennar getur skipt sköpum. Almennt telur lögreglan á landsbyggðinni sig ekki færa um að halda uppi ásættanlegu öryggisstigi sökum fjárskorts.

Ljóst er að þetta ástand mála er einkum að rekja til niðurskurðar á fjárveitingum til lögreglunnar á síðustu árum. Telji samfélagið umsvif skipulagðra brotahópa áhyggjuefni er ljóst að við þeirri stöðu mála verður ekki brugðist á annan veg en þann að frumkvæðisvinna lögreglu gagnvart slíkri starfsemi verði aukin. Þetta á við um fíkniefni, sem fyrr sagði, og einnig skipulagða brotastarfsemi sem tengist vændi og mansali. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur margt benda til þess að slík starfsemi fari fram innan umdæmis hennar en segir takmarkaða möguleika á frumkvæðisvinnu hefta upplýsingaöflun. Sömu sögu má segja um öll önnur lögregluumdæmi landsins.

Jafnframt ber að halda því til haga að árangur hefur náðst á ýmsum sviðum. Lögregla hefur náð að hefta starfsemi brotamanna sem stundað hafa skipuleg innbrot og þjófnaði. Umsvif útlagasamtaka vélhjólamanna sem tengjast alþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi eru minni en áður var. Í því efni hefur íslenska lögreglan náð árangri sem athygli hefur vakið. Á hinn bóginn kennir reynslan að slíkir hópar ganga iðulega í endurnýjun lífdaga.

3 Líkleg þróun, framtíðarhorfur og helstu áskoranir

Lögreglan mun á næstu árum standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum. Lögreglunni er falið mikilvægt hlutverk í samfélaginu og krafan er sú að hún sé jafnan fær um að takast á við verkefni sem fylgja breyttum aðstæðum.

Hér að framan var fjallað um skipulagða glæpahópa, innlenda og erlenda og skort á frumkvæðisvinnu sem lögreglan rekur til niðurskurðar fjárveitinga. Sú hætta er augljóslega fyrir hendi að starfandi hópar eflist af þessum sökum. Á það jafn við um umsvif viðkomandi og veltu fjármuna. Í því efni er vakin athygli á vaxandi umsvifum hópa sem standa að marjúana-ræktun og mögulega framleiðslu annarra fíkniefna. Ítrekaðar eru vísbendingar um aukin umsvif af þessu tagi utan höfuðborgarsvæðisins.

Aukið flæði fólks hingað til lands getur af sér ný tækifæri til hagnaðar. Þessa stöðu ber að hafa í huga ekki síst með tilliti til þess að íslenska hagkerfið styrkist hratt og vöxtur í ferðaþjónustu er mikill. Aukinn ferðamannastraumur og þensla skapa brotamönnum tækifæri til að samþætta löglega og ólöglega starfsemi. Vændi og mansal gætu aukist m.a. í tengslum við stóraukin umsvif í byggingariðnaði og ferðamannaþjónustu. Vöxtur í byggingariðnaði skapar hættu á ólöglegum innflutningi á verkafólki og dæmi eru um að viðkomandi þræli myrkranna á milli við slæm kjör.

Dæmi eru um að brotamenn tengdir vinnumiðlunum eigi þátt í mansali með því að blekkja og misnota einstaklinga sem koma á þeirra vegum. Þá eykst hættan á að svört atvinnustarfsemi muni þrífast í tengslum við aukin umsvif í ferðapjónustu og byggingariðnaði.

Þó þjófnuðum hafi fækkað á undanförnum árum kann vaxandi straumur vinnuafis, flóttamanna og ferðamanna til landsins að skapa aðstæður sem ýta undir fjölgun þessara brota á ný. Þannig geta ferðamenn orðið fórnarlömb brotamanna eins og reynsla erlendis hefur sýnt. Ferðamenn hafa oft mikla fjármuni á sér, vegabréf og greiðslukort með rúmri heimild.

Greiningardeild hefur áður bent á að sú hættu sé fyrir hendi að aðilar hér á landi, innlendir sem erlendir, freisti þess að nýta sér bága stöðu flóttafólks og annarra þeirra sem hæliss leita. Fólk í þeirri stöðu er í ákveðinni hættu hvað varðar hvers kyns misneytingu t.a.m. á sviði vinnumansals eða kynlífsprælkunar. Þá er þekkt erlendis frá að flóttafólk njóti aðstoðar glæpamanna er það ákveður að flýja heimaslóðir og að sú aðstoð skapi fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þeim sem aðstoðina veittu. Slíkar skuldbindingar hafa oft í för með sér misneytingu af ýmsu tagi og ógnir gagnvart viðkomandi flóttamanni og jafnvel ættingjum viðkomandi í heimalandinu. Vísbending er um að slíkt hafi átt sér stað hérlendis í tilfelli hælisleitanda.

Innflytjendur skapa almennt ekki sérstakan vanda á sviði löggæslunnar. Þó þekkjast dæmi þess að innflytjendur tengist skipulagðri brotastarfsemi einkum fíkniefnaviðskiptum og auðgunarbrotum. Jafnframt er fyrir hendi grunur um tilvik þess að fólk sé og hafi verið flutt skipulega til landsins í gegnum málamyndahjónabönd og með fölsun pappíra. Slíkar rannsóknir eru afar seinlegar, flóknar og erfiðar.

Líklegt er að tölvubrot (e. cyber crime) verði stærri hluti auðgunarbrotu, líkt og varað er við í nýlegri skýrslu Evrópulögreglunnar (Europol), um skipulagða brotastarfsemi.

Skipulögð brotastarfsemi fer í vaxandi mæli fram um internetið. Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða sem greiðastan aðgang hafa að tölvum og interneti. Þá felur aukin verslun og þjónusta um internetið í sér vaxandi hættu á að almenningur og fyrirtæki verði fyrir slíkum brotum.

Nær óþekkt er hér á landi að íslenskir aðilar taki þátt í skipulagðri brotastarfsemi af þessu tagi; ógnin á nær eingöngu upptök sín í öðrum ríkjum. Íslenskir ríkisborgarar og fyrirtæki verða hins vegar fyrir skaða af völdum slíkra hópa. Lögreglan býr ekki yfir nægilegri getu til að bregðast við skipulagðri brotastarfsemi um internetið sem krefst þess að haldið sé uppi öflugum samstarfi við erlend lögreglulið og stofnanir.

Mikilvægt er að lögreglan fylgist grannt með örri tækniþróun því brotamenn eru jafnan fljótir að tileinka sér nýjungar. Þannig skortir nokkuð á að lögreglan hagnýti sér tækninýjungar í rannsóknarræðum, til dæmis hvað varðar rannsóknir á netglæpum, tölvubúnaði og símtækjum. Efla þarf, sem fyrr sagði, samstarf við erlend yfirvöld og þekkingu á úrræðum við að afla gagna af

ólíkum miðlum og eða lokun þeirra. Til að skilja betur umfang og eðli tölvubrota þarf jafnframt að vanda betur skráningu þeirra og verkferla vegna móttöku mála. Vísbendingar eru um að mörg þeirra séu ekki tilkynnt til lögreglu. Hætt er við að þessi brot séu því ekki tekin alvarlega vegna tíðni þeirra og fjölda tilrauna sem ekki takast. Að sama skapi getur tjón þeirra sem verða fyrir þessum brotum verið verulegt og ekki minna en af hefðbundnum brotum.

Hvað tölvubrot varðar þarf að huga sérstaklega að eldri borgurum sem vegna skorts á tækniþekkingu geta orðið fórnarlömb t.a.m. skipulagðra netsvika.

Almennt má ganga að því sem vísu að umfang tölvubrota aukist í fyrirsjáanlegri framtíð á Íslandi sem annars staðar á Vesturlöndum. Viðbrögð lögreglu við auknum umsvifum tölvubrotamanna þurfa að felast í aukinni tæknigetu, mannafla, þekkingu og þjálfun auk viðleitni til að vekja almenning og stjórnendur fyrirtækja til vitundar um þessa brotastarfsemi.

Íslenska lögreglan stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum og verkefni hennar breytast í takt við þróun samfélagsins hverju sinni. Ástandið á Íslandi hefur tekið breytingum ef horft er til baka t.a.m. til hruns fjármálakerfisins haustið 2008. Efnahagslífið nálgast óðum fyrri styrk, stóraukið flæði fólks til landsins og vöxtur í ferðapjónustu kallar á framkvæmdir og hefur í för með sér aukin umsvif á ýmsum sviðum þar sem vitað er að brotastarfsemi getur fengið þrífist. Sá mikli fjöldi ferðamanna sem til landsins kemur getur skapað afbrotamönnum tækifæri til að auka umsvif sín t.a.m. hvað varðar vandi, fíkniefnasölu og peningþvætti. Þróun á sviði tölvutækni skapar mikla möguleika en um leið færi til brotastarfsemi af margvíslegum toga.

Þær breytingar sem hér hafa verið raktar kalla á að geta lögreglu til frumkvæðisvinnu verði eflað til muna. Jafnframt er þörf á auknu samstarfi lögreglu við skattayfirvöld, Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun. Íslensku lögreglunni hefur verið sniðinn þröngur stakkur síðustu ár. Verði svo áfram er sú áhætta fyrir hendi að umfang skipulagðrar brotastarfsemi aukist án viðspyrnu samfélagsins.

Utan höfuðborgarinnar stendur lögreglan, að eigin sögn, víða illa sökum manneklu sem rekja má til niðurskurðar fjárheimilda. Forvarnarstarf hefur dregist saman og frumkvæðisvinna er takmörkuð. Mörg dæmi eru um að almenn löggæsla og umferðareftirlit hafi leitt til uppljóstran stórra afbrota. Þetta á ekki síður við um landsbyggðina en höfuðborgarsvæðið.

4 Mansal

4.1 Mansal tengt kynlífsþjónustu

Í íslenskri réttarsögu hefur það einu sinni gerst að sakfelld hafi verið í Hæstarétti í mansalsmáli. Fátítt er að íslenska lögreglan fái við mansal. Mansal er einn erfiðasti málaflokkur sem kemur til

kasta lögreglu. Oftar en ekki treysta fórnarlömb sér ekki til að leggja fram kæru eða fylgja henni eftir. Vísbendingar eru fyrir hendi um að fjöldi brota og þolenda sé meiri en berst lögreglu.

Vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu á síðustu árum um mansal, eðli þess og birtingarform. Áður fyrr var einkum horft til mansals í tengslum við vændi og kynlífsþjónustu en aukin þekking og rannsóknir hafa leitt í ljós að brotastarfsemi þessi er mun víðtækari og tekur m.a. til vinnumansals og svonefndra „burðardýra“ í fíkniefnamálum.

Á síðari árum hafa stjórnvöld og lögregla lagt aukna áherslu á málaflokkinn. Hafa ber í huga að hann er erfiður og krefst oftar en ekki frumkvæðisvinnu lögreglu sem aftur er háð því fjárhagslega svigrúmi sem lögreglu er skapað.

Frá 2013 til júní 2015 voru tvö mansalsmál skráð hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Í báðum málum er um að ræða einstaklinga með erlent ríkisfang. Upplýsingar eru til staðar um tvö tilvik til viðbótar.

Vísbendingar eru um að mansal kunni að tengjast kynlífsþjónustu á svokölluðum „kampavínsklúbbum“ í höfuðborginni. Ýmislegt bendir til að vændisþjónusta þrífist í kringum þessa staði. Að minnsta kosti fimm „kampavínsklúbbar“ eru nú reknir á höfuðborgarsvæðinu. Oft er þar um erlendar stúlkur að ræða en ekki liggja nægar upplýsingar fyrir um hvort þær séu fluttar inn nauðugar eða hindraðar í að ferðast um frjálsar. Þær eru jafnan ófúsar til samstarfs við lögreglu sem torveldar rannsóknir.

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar sem benda til þess að mansal tengt kynlífsþjónustu eigi sér stað utan höfuðborgarsvæðisins.

4.2 Vinnumansal

Lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur síðustu tvö ár ekki fengist við mál er varða vinnumansal. Slík mál eru þó þekkt frá fyrri tíð. Nokkuð ber á sögusögnum þessa efnis en hins vegar fer minna fyrir staðfestum upplýsingum. Lögreglu hafa þó borist upplýsingar nýlega um hugsanlegt vinnumansal tengt aðbúnaði og vinnutíma einstaklinga. Í þessu sambandi ber þó að nefna að árið 2013 fór lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í nokkrar skipulagðar eftirlitsferðir á vinnustaði. Heimsótt voru 96 fyrirtæki í maí, júní og september og könnuð atvinnuréttindi 310 einstaklinga með erlent ríkisfang. Aðeins einn reyndist vera án atvinnuleyfis. Hvorki vinnutími né aðstæður starfsmanna voru til skoðunar í þessu eftirliti.

Utan höfuðborgarsvæðisins hafa komið upp mál á undanförunum misserum er varða vinnumansal. Í þeim málum hafa íslenskir aðilar t.d. í ferðaþjónustu misnotað erlent verkafólk. Þá liggja fyrir upplýsingar um mögulegt vinnumansal þar sem erlendir ríkisborgarar eru sagðir hafa þurft að greiða aðilum á Íslandi verulegar fjárhæðir fyrir það eitt að fá hér vinnu.

Vinumansal kallar á varðstöðu samfélagsins; verkalýðsfélaga, forustumanna í bæjum og sveitarstjórnnum og stofnana ríkisins. Mikilvægt er að auka vitund um brotastarfsemi af þessu tagi og kennir reynslan að slíkt á sér iðulega stað án þess að nærsamfélagið geri sér stöðu mála ljósa og bregðist við. Mikilvægt er að haft sé í huga að mögulegt vinnumansal er ekki bundið við höfuðborgarsvæðið. Hætt er við að athygli verði um of beint að uppbyggingu þar t.a.m. í tengslum við byggingariðnað og ferðapjónustu. Í þessu efni sem öðrum er lúta að skipulagðri brotastarfsemi má landsbyggðin ekki gleymast.

5 Vændi

Líkt og fyrir rakið eru fyrir hendi vísbendingar um að vændi fari fram á þeim „kampavínsklúbbum“ sem starfræktir eru á höfuðborgarsvæðinu. Einnig má nefna síður á netinu þar sem vændisþjónusta er auglýst. Að auki hafa landamæraverðir upplýst að grunur leiki á að erlendar konur komi gagnert til landsins í því skyni að stunda vændi.

Líklegt er að með vaxandi ferðamannastraumi til landsins aukist spurn eftir vændisþjónustu. Almennt hefur vændi lítt verið sýnilegt á Íslandi til þessa. Í nýlegum málum á höfuðborgarsvæðinu hafa komið fram upplýsingar sem benda til þess að erlendar vændiskonur leiti viðskiptavina á hótélum í Reykjavík. Í einhverjum tilvikum er þar um að ræða konur sem starfa á svokölluðum „kampavínsklúbbum“. Almennt telur greiningardeild líklegt að vændisstarfsemi færist í vöxt í landinu, einkum á höfuðborgarsvæðinu en þó ekki einvörðungu. Óstaðfestar upplýsingar eru um að svokölluð fylgdarþjónusta sé starfrækt á Íslandi og að kaupendur þeirrar þjónustu hafi t.d. dvalið í sumarhúsum, hótélum og veiðihúsum á landsbyggðinni.

Frá 2013 hafa komið upp 58 tilvik á höfuðborgarsvæðinu þar sem grunur hefur vaknað um kaup á vændi. Í þessum málum voru 52 einstaklingar kærðir og voru þeir allir með íslenskt ríkisfang að einum undanskildum. Í einu tilviki var grunur um að þriðji aðili hefði viðurværi af vændi annarra en ekki er fallinn dómur í því máli. Þá var grunur um slíkt hið sama í öðru máli en engar sannanir fengust fyrir því. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um að þessi mál tengist skipulagðri brotastarfsemi. Flest þessara mála tengjast kaupum á vændi af tveimur konum.

Utan höfuðborgarsvæðisins eru ekki fyrirbyggjandi upplýsingar um mörg slík mál og kveðst lögreglan þar hafa afar takmarkaða getu til að sinna frumkvæðisvinnu vegna fjárskorts og manneklu.

6 Kynferðisbrot

Rétt þykir að nefna þróun í kynferðisbrotum sem tengist tæknivæðingu. Þekkt er að menn nýti hina ýmsu samfélagsmiðla (til dæmis Facebook og 4chan) til að nálgast ungmenni og fá þau til að bera sig fyrir framan vefmyndavélar eða senda viðkomandi nektarmyndir af sér. Myndunum er dreift á

netinu, brotamenn skiptast á þeim og lýsa jafnvel eftir nektarmyndum af tilteknum stúlkum. Á þessum vettvangi þekkist einnig svokallað hefndarklám, þar sem einstaklingar deila á netinu myndum af fyrrverandi mökum sínum eða öðrum, nöktum eða í kynferðislegum athöfnum.

Þótt slík brot falli tæpast undir skipulagða brotastarfsemi í hefðbundnum skilningi þess hugtaks þar sem einstaklingar eru yfirleitt að verki en ekki hópur, má líta svo á að innan djúpnetsins (e. darknet) sé skapaður skipulagður vettvangur fyrir miðlun þessa efnis. Einstaklingar sem safnast þar saman til að skiptast á og miðla efni mynda þannig jaðarsamfélög sem ýta undir og standa að slíkri dreifingu. Hið sama gildir um hópa sem hafa teygt sig hingað til lands og standa fyrir dreifingu á myndefni sem sýnir börn beitt viðurstygglegu ofbeldi. Það að deila upplýsingum felur í sér ákveðið skipulag.

Tilvik þar sem myndefni er notað til kúgana, hvort sem það er til að fá viðkomandi til að samþykkja kynferðislegt samneyti eða láta af hendi fjármuni, geta einnig fallið undir brotastarfsemi sem krefst skipulags. Á síðustu tveimur árum hafa Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu borist tilkynningar um tvö slík mál auk þess sem upplýsingar liggja fyrir um eitt mál sem hefur ekki verið kært til lögreglu. Í öllum tilvikum er um að ræða erlenda aðila sem komist hafa yfir myndefni af viðkomandi og nýtt það til fjárkúgunar.

Hefndarklám er alvarlegt afbrot þar sem fórnarlömb þess geta beðið mikinn skaða af. Nokkur dæmi eru um slík mál á landsbyggðinni. Samstarf lögreglu við skólayfirvöld og félagsþjónustu er mikilvægt til þess að sporna gegn þessum brotum.

7 Fíkniefnamál

Greiningardeild hefur í fyrri skýrslum sínum um skipulagða glæpastarfsemi vakið athygli á því að fíkniefnaframleiðsla færir í vöxt á Íslandi. Deildin hefur birt upplýsingar þess efnis að íslenski kanabiss-markaðurinn sé nú trúlega sjálfum sér nógur. Þá hefur í fyrri skýrslum komið fram að framleiðsla á amfetamíni og skyldum örvandi efnum fari í auknum mæli fram hér á landi. Því hefur verið spáð að líklega muni slík framleiðsla aukast enn.

Jafnframt hefur greiningardeild ítrekað vakið athygli á að brotamenn kunni í vaxandi mæli að horfa til landsbyggðarinnar við framleiðslu og meðferð fíkniefna. Tiltækar upplýsingar benda til þess að þetta mat eigi við rök að styðjast.

Lögreglan telur að í vöxt færir að fullvinnsla fíkniefna fari fram hér á landi. Er þar um að ræða efni eins og amfetamín, e-töflur og jafnvel að einhverju marki kókaín. Ekki leikur vafi á að fíkniefni eru framleidd utan höfuðborgarinnar og þar fer fram skipulögð marjúána-ræktun.

Líkt og greiningardeild hefur ítrekað bent á í skýrslum sínum eftir bankahrúnið 2008 færir ræktun marjúána stöðugt í vöxt. Er nú svo komið að íslenskur markaður með marjúána er sjálfbær;

innflutningur á þessum efnum virðist hafa lagst af. Nýjar kannanir benda til þess að neysla marjúana hafi aukist á síðustu árum samhliða þessari þróun. Framleiðslan hér á landi virðist með öðrum orðum ná að uppfylla þarfir stækkandi markaðar bæði hvað varðar magn og gæði efnisins.

Raunar eru fyrir hendi vísbendingar um að framleiðendur kunni að huga að útflutningi á framleiðslu sinni. Grunsemdir í þá veru hafa um nokkurt skeið verið fyrir hendi en sannanir fyrir útflutningi liggja ekki fyrir. Upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gefa þó tilefni til að ítreka þann möguleika að útflutningur eigi sér stað eða að stórir aðilar kunni að huga að leiðum til að koma framleiðslu sinni í verð erlendis.

Aðgengi að öllum aðföngum til marjúanaræktunar virðist auðvelt hér á landi. Ræktunin fer fram í húsnæði af öllu tagi, m.a. í fjölbýlishúsum þar sem íbúðir eru teknar á leigu undir ræktanir, einbýlishúsum, sumarústöðum, iðnaðarhúsnæði, sveitabæjum, földum rýmum í fyrirtækjum og víðar. Líkt og sagði í skýrslu greiningardeildar 2013 er þróunin í þá átt að fjölga ræktunum en minnka umfang hvernar fyrir sig. Þar með minnkar áhætta þeirra sem í hlut eiga. Viðurlög miðast við fjölda plantna í framleiðslu og kann sú breyting að hafa orðið til þess að ýta undir þessa þróun.

Nokkrir aðilar standa fyrir umtalsverðri kannabisframleiðslu hér á landi. Þessir menn fá oftast en ekki aðra til sinna ræktuninni og hafa af henni verulegar tekjur. Sömu einstaklingar koma ítrekað við sögu í samstarfi mismunandi hópa. Oftast er um þrjá til fjóra menn að ræða sem koma að hverri ræktun og hefur hver sitt hlutverk, allt frá því að fjármagna þær yfir í að taka skellinn ef upp kemst.

Í fyrri skýrslum greiningardeildar hefur verið fullyrt að íslenskir ríkisborgarar standi einkum að ræktun á marjúana. Svo er enn. Algengast er að ungir, íslenskir karlmenn standi að ræktunum. Tiltækar upplýsingar benda til þess að aldursdreifingin færir neðar. Nýliðun í framleiðslu og dreifingu fíkniefna virðist því hafa aukist. Jafnframt fjölgar þeim sem teknir eru oftast en einu sinni fyrir slík brot.

Því vekur athygli vaxandi fjöldi fíkniefnamála sem tengist ræktunum erlendra hópa. Samsetning hópa og samstarf ræðst oft af því hvernig hver aðili er tengdur, og hvernig tengingar fleiri en eins aðila geta orðið kveikjan að skipulagningu brota. Líkt og greiningardeild hefur áður bent á getur landsbyggðin fært afbrotahópum skjól og tækifæri. Þetta á t.a.m. við um framleiðslu og meðferð fíkniefna. Þannig eru þekkt dæmi þess að hópur afbrotamanna af erlendum uppruna hafi staðið fyrir stórfelldri og þróaðri ræktun á marjúana á landsbyggðinni, leigt þar húsnæði undir starfseminu en haldið til í höfuðborginni.

Þekking og skipulag einkenna stórtæka framleiðslu á fíkniefnum. Það á ekki síst við um þá erlendu hópa sem að marjúana-ræktun standa. Þekkt er að íbúðir séu ýmist keyptar af leppum undir framleiðsluna, þær teknar á leigu eða herbergi notuð. Yfirleitt er þess gætt að fjöldi planta í

framleiðslu sé undir þeim mörkum þar sem refsingar þyngjast. Í mörgum málanna er sama uppsetning á búnaði og notast við sömu tegundir verkfæra.

Utan Reykjavíkur er þekkt að fram fari framleiðsla og meðferð fíkniefna. Sumarhús, skemmur og skúrar hafa verið tekin á leigu undir þá starfsemi. Greiningardeild ítrekar fyrri varnaðarorð um vaxandi framleiðslu fíkniefna utan Reykjavíkur. Jafnframt þykir ástæða til að benda á að athygli lögreglu beinist einkum að flutningi á fíkniefnum frá höfuðborginni til bæja og fjölmennra viðburða á landsbyggðinni. Þegar horft er til framleiðslu og meðferðar fíkniefna er ekki síður ástæða til að huga að flutningum frá landsbyggðinni á markað í höfuðborginni.

Ljóst er að neysla á kannabis fer fram í öllum umdæmum landsins og er mest í aldurshópnum 18 - 25 ára. Samkvæmt upplýsingum greiningardeildar fer helgarneysla fram í langflestum þéttbýliskjörnum landsins. Dagneysla í smærri byggðakjörnum veur eftirtekt, viðkomandi einangrast fljótt frá samfélaginu og flytur oft en ekki á brott.

Erfitt er að ákvarða út frá tölfræði hvort mál falli undir skipulagða brotastarfsemi eða ekki. Einn mælikvarðinn er ef þrír eða fleiri einstaklingar eru skráðir sem sakborningar í málinu. Þó er ekki gefið að slík talning gefi rétta mynd, því hlutdeild einstaklinga getur verið af ólíkum ástæðum, til dæmis sem „burðardýr“ eða annað. Í öðrum málum kann einn einstaklingur, sem er þá til dæmis „burðardýr“, að vera þekktur en skipuleggjendur ekki.

Frá ársbyrjun 2013 til júní 2015 hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu haft til rannsóknar 75 mál tengd innflutningi á fíkniefnum. Í 10 málum voru þrír eða fleiri brotamenn viðriðnir. Frá ársbyrjun 2013 til júní 2015 hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu haft til rannsóknar 201 mál tengd framleiðslu fíkniefna. Í 10% þeirra voru þrír eða fleiri sakborningar skráðir.

7.1 Aðgengi að fíkniefnum

Aðgengi neytenda að fíkniefnum og þá ekki síst marijúana hefur tekið algjörum stakkaskiptum á undanliðnum árum. Samfélagsmiðlar eru nú nýttir í þessu skyni. Tugir lokaðra hópasíðna á Facebook eru helgaðar verslun með fíkniefni á Íslandi. Ómögulegt er að draga upp mynd af umfangi þessa markaðar á Facebook af einhverri nákvæmni þar sem sömu notendur eru á mörgum síðum, sumir einstaklingar nota mörg notendanöfn og sum notendanöfn eru notuð af mörgum einstaklingum. Þó er ljóst að umfangið er verulegt.

Utan höfuðborgarinnar er greiningardeild kunnugt um fíkniefnasendingar frá höfuðborginni til smærri bæja. Sömuleiðis eru upplýsingar um að marijúana-ræktanir fari fram í öllum lögregluumdæmum landsins.

Erfitt er að meta hvort eða að hve miklu leyti salan tengist skipulagðri brotastarfsemi. Ljóst þykir að sumir sölumenn starfi sjálfstætt en aðrir séu í raun „gerðir út“ af stærri dreifingaraðilum.

Ekki leikur minnsti vafi á að nokkur hópur brotamanna, innlendra og erlendra, er leiðandi hvað það varðar að skipuleggja og fjármagna fíkniefnasmygl til landsins. Þessir aðilar hafa í kringum sig nána samstarfsmenn og stundum smærri hópa. Reyndir menn á þessu sviði ganga fram af varfærni og leitast í hvívetna við að minnka áhættu. Það má gera með ýmsu móti m.a. þannig að haldið sé úti nokkrum smærri „verkefnum“ í senn.

7.2 Ólöglegur hagnaður af skipulagðri brotastarfsemi

Ljóst er að hér á landi er að finna aðila, innlenda og erlenda, sem hagnast hafa verulega af skipulagðri brotastarfsemi, einkum fíkniefnaviðskiptum. Reynslan kennir að slíkir aðilar eru líklegir til að tengjast annars konar brotastarfsemi ekki síst peningaþvætti. Samfélagsskaðinn sem þessir aðilar valda er því ekki bundinn við efnin sem þeir selja heldur kann hann einnig að felast í þeirri markaðsskekki sem fylgir peningaþvætti þ.e. þegar illa fengið fé er notað til fjárfestinga í löglegri starfsemi og kaupum á fasteignum.

Fíkniefni eru samfélagsvandi sem lögreglan ein fær aldrei leyst. Algengt er að lögreglu berist upplýsingar um framleiðslu, sölu og meðferð fíkniefna. Umræða um fíkniefni hefur tekið nokkrum breytingum á síðustu misserum og innan lögreglu er sú skoðun almenn að umræðan sé úr hófi fram „jákvæð“ á þann veg að tilhneigingar gæti til að gera lítið úr skaðsemi fíkniefna. Að mati margra innan lögreglunnar má færa rök fyrir því að slík umræða verði fremur til þess að ábendingum um framleiðslu, sölu og meðferð fíkniefna fækki. Umræðan er einnig talin ganga gegn viðleitni til forvarnarstarfs á þessu sviði.

7.3 Sterar

Í skýrslu greiningardeildar frá 2013 var sérstaklega vakin athygli á upplýsingum um að notkun á sterum færi vaxandi. Fyrirliggjandi upplýsingar sumarið 2015 benda til að þessi varnaðarorð hafi átt fullan rétt á sér og að steranotkun færist sífellt í vöxt á landsvísu. Má í þessu sambandi benda á nýlegt mál þar sem lögregla og tollur lögðu hald á mikið magn af sterum í samvinnu við erlendar löggæslustofnanir.

Steranotkun getur valdið notandanum óbætanlegum skaða; margvíslegum geðtruflunum, alvarlegu líkamstjóni og jafnvel dauða. Þá geta steranotendur verið hættulegir öðrum þar sem neyslunni fylgir iðulega stóraukin árásgirni sérstaklega í tengslum við neyslu áfengis.

Hafa ber í huga að notendur stera eru oft ungir að árum. Má raunar fullyrða að ungir karlmenn séu stærsti notendahópurinn þótt neyslan sé að sönnu ekki bundin við þá.

Greiningardeild ítrekar það mat sitt að aukin steranotkun geti talist falinn heilbrigðisvandi sem þjóðfélagið kunni að standa frammi fyrir í náninni framtíð. Jafnframt er vakin athygli á því að lögum samkvæmt varðar innflutningur og framleiðsla á sterum við lyfjalög og eru viðurlög allt önnur og vægari en þegar menn eru staðnir að brotum gegn ákvæðum ávana- og fíkniefnalaga.

Greiningardeild telur líklegt að umræða muni magnast í samfélaginu um að breyta beri þeim ákvæðum laga sem lúta refsingum vegna ólöglegrar sölu og dreifingu á sterum. Ljóst er að hagnaðarvon seljenda eða framleiðanda getur verið veruleg á stækkandi markaði. Vandséð er hvernig stórfelldur innflutningur eða framleiðsla getur fallið utan þess að teljast skipulögð brotastarfsemi.

8 Auðgunarbrot

Auðgunarbrotum hefur fækkað á síðustu árum og sér í lagi þjófnuðum sem og innbrotum. Þetta er ekki séríslensk þróun t.d. hefur innbrotum einnig fækkað á Vesturlöndum. Ein skýring sem haldið hefur verið á lofti er sú að brotastarfsemi af þessum toga fari í auknum mæli fram um internetið þar sem áhættan er augljóslega mun minni.

Í flestum tilvikum eru þjófnaðir ekki hluti af skipulagðri brotastarfsemi. Yfirleitt eru einstaklingar þar á ferð sem gerast sekir um afbrot í auðgunarskyni. Iðulega grípur viðkomandi til þessa úrræðis í einhvers konar neyð auk þess sem algengt er að neytendur fjármagni fíkniefnakaup með þessu móti.

Skipulagðir þjófnaðir á Íslandi hafa nær eingöngu tengst erlendum brotahópum. Þekkt er að erlendir þjófar komi til landsins gagngert í því skyni að fremja afbrot, yfirleitt einn til tvo mánuði í senn. Þýfið t.a.m. skartgripir er í einhverjum tilvikum flutt úr landi. Árið 2014 lét skipulagður hópur erlendra brotamanna mjög til sín taka í innbrotum og þjófnaði á eldsneyti. Nokkuð hefur borið á slíkum hópum utan höfuðborgarinnar m.a. skipulögðum þjófnuðum í verslunum.

Góður árangur lögreglu í viðureign við þessa hópa kann að hafa dregið úr áhuga þeirra sem fyrir þessari afbrotastarfsemi stóðu. Á hinn bóginn ber að hafa í huga að slík brotastarfsemi er sveiflukennd í eðli sínu einkum þegar erlendir aðilar eiga í hlut.

Snjallsímaþjófnuðum hefur fjölgað á síðustu árum. Mörg dæmi eru t.d. um að sínum sé stolið á vínveitingahúsum í miðborg Reykjavíkur. Í flestum þeirra mála þar sem grunur er um skipulag er um erlenda brotamenn að ræða. Talið er að menn vinni saman í einhverjum tilvikum og að símarnir séu sendir úr landi. Upplýsingar frá Lögreglu höfuðborgarsvæðisins benda til þess að aukin bíræfni einkenni framgöngu þjófanna. Tilvikum fjölgar þar sem þjófarnir seilast í töskur eða vasa fólks til að stela munum.

Dýrum reiðhjólum fjölgar í höfuðborginni og fram hafa komið upplýsingar um að hópar manna sérhæfi sig í að stela þeim og flytji jafnvel úr landi. Í Reykjavík og á landsbyggðinni stunda skipulagðir hópar stuld á dýrum verkfærum og tækjum.

Almennt virðist ástand fara batnandi þegar horft er til tölfræði um innbrot og þjófnaði. Snögg inngríp lögreglu hafa fælingaráhrif.

Utan höfuðborgarsvæðisins hafa greiningardeild borist upplýsingar um mál sem varðar sölu og dreifingu á ónýtum/gölluðum matvælum frá matvælafyrirtækjum og seldar veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að um sé að ræða skipulagða starfsemi hóps fólks sem m.a. felur í sér að afurðir þessar eru verkaðar við aðstæður sem uppfylla ekki heilbrigðiskröfur um matvælaframleiðslu áður en til sölu kemur. Hið sama á við um sölu á matvælum sem fengin eru með ólögmatum hætti t.d. með ólögmatum veiðum á hreindýrum, löndun framhjá vigt, heimaslátrun og -verkun sem ekki er undir eftirliti og ólöglegru framleiðslu á áfengi.

Brot af þessu tagi geta fallið undir auðgunarbrot og talist skipulögð brotastarfsemi þegar ákveðin skilyrði eru til staðar.

Erfitt er að tiltaka fjölda þjófnaðabrota sem talist geta til skipulagðrar brotastarfsemi. Fjöldi skráðra auðgunarbrot á ári hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur verið um fimm þúsund síðustu ár, en mál sem fullyrða má að falli undir skilgreiningu um skipulagða brotastarfsemi eru mjög fá.

9 Tölvubrot

Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi frá árinu 2013 er að finna ítarlegan kafla um tölvubrot. Með hugtakinu „tölvubrot“ er átt við afbrot/skipulagða brotastarfsemi sem ýmist beinist gegn stafrænum upplýsinga- og miðlunarkerfum eða fer fram með því að nýta þau sömu kerfi. Á Norðurlöndum er iðulega talað um „IKT-kriminalitet“ (þ.e. Informasjons- og kommunikasjonsteknologi) þegar fjallað er um þess háttar brotastarfsemi auk þess sem þekkt eru hin alþjóðlegu heiti „Computer Crime“ og „Cybercrime“.

Á vettvangi Alþjóðalögreglunnar (Interpol) og Evrópulögreglunnar (Europol) er nú lögð stöðugt þyngrri áhersla á baráttu gegn tölvuglæpum. Þetta helst í hendur við þróun undanliðinna ára; aukin umsvif tölvubrotamanna fela í sér mikla áskorun fyrir lögreglulið víða um heim og ekki síst á Vesturlöndum. Þeim fylgir einnig aukin þörf fyrir alþjóðlega samvinnu á sviði löggæslu líkt og áherslur Interpol og Europol eru til marks um.

Tölvu- og netglæpir eru það birtingarform skipulagðrar brotastarfsemi sem líklegast er að beinist gegn almenningi á Íslandi. Þá er einkum átt við tilraunir til fjársvika um internetið. Ennfremur geta tölvuþrjótur með innbrotum í tölvukerfi komist yfir viðkvæmar upplýsingar sem hugsanlega má nota gegn einstaklingum eða fyrirtækjum og varðað geta mikla hagsmuni. Þá birtist þessi starfsemi almenningi þegar fjölmiðlar skýra frá því að myndefni sem sýnir börn sæta kynferðisofbeldi hafi fundist í tölvum Íslendinga líkt og iðulega hefur gerst á undanliðnum árum.

Fyrirliggjandi upplýsingar erlendis frá benda til þess að kostnaður fyrirtækja og hins opinbera vegna tölvubrota fari hratt vaxandi. Þann kostnað ber að lokum almenningur á einn veg eða annan. Líkur eru því á að samfélagið standi frammi fyrir vaxandi fjárhagsskaða sökum þessarar starfsemi.

9.1 Svik

Um 10 mál hafa komið upp hér á landi á síðustu tveimur árum þar sem greiðslukort eru afrituð með því að setja falskar framhliðar á hraðbanka (e. *skimming*). Skipt er um búnað sem les kortin og myndavélum komið fyrir sem ná upplýsingum um PIN-númer. Mikill fjöldi ferðamanna hér á landi skapar afbrotamönnum á þessu sviði tækifæri.

Í þeim málum sem borist hafa lögreglu hefur eingöngu verið um erlenda brotamenn að ræða. Ljóst að þeir eru í senn vel tengdir og skipulagðir. Sem dæmi má nefna tilvik þar sem lögreglan gerði slíkan búnað upptækan en nokkrum dögum síðar höfðu brotamennirnir fengið sendan búnað erlendis frá og tekið til við fyrri iðju. Greiðslukortanúmer sem eru afrituð hér á landi komast yfirleitt mjög fljótt í umferð erlendis.

Í þessum málum hefur komið fram að brotamenn þekkja gjörla veikleika kerfa. Jafnframt spyrst það fljótt út ef slíkir veikleikar eru fyrir hendi. Þekkt er að veikleikar hafi komið í ljós og að strax hafi komið hingað til lands hópar til að nýta sér þennan möguleika. Lögreglu hefur þó tekist með inngripi sínu að stöðva þennan straum. Virðist það spyrjast út meðal þessara skipulögðu brotahópa hver viðbrögð lögreglu eru hverju sinni.

Færst hefur í aukana að stolnar greiðslukortaupplýsingar séu notaðar í viðskiptum við íslensk fyrirtæki. Fyrirtæki hafa margoft orðið fyrir barðinu á brotamönnum þar sem flugmiði hefur verið greiddur með stolnum greiðslukortaupplýsingum. Íslenskum löggæsluyfirvöldum er nokkur vandi á höndum í slíkum tilvikum þar sem brotamennirnir halda til erlendis.

Tilvikum fjársvika þar sem sérlega skipulögðum og tæknilegum blekkingum er beitt (e. social engineering) fer fjölgandi. Ótengdir aðilar komast yfir persónuupplýsingar, upplýsingar um viðskipti, bankareikninga, lykilorð og fleira, til dæmis með því að brjótast inn í tölvukerfi seljanda vöru eða þjónustu. Þannig ná þeir að miðla röngum greiðsluupplýsingum til kaupenda, sem greiða kaupverð inn á bankareikning sem ekki er í eigu raunverulegs seljanda vörunnar. Tekist hefur að stöðva nokkur slík tilvik, en ljóst er að ekki er kært í mörgum tilfellum.

Ekki eru merki þess að um sé að ræða gerendur hér á landi. Nær undantekningarlaust standa erlendir aðilar að svikum af þessu tagi en þolendur eru fyrirtæki eða einstaklingar hér á landi. Almenn torveldar það rannsókn lögreglu að gerendur eru óþekktir aðilar utan landsteinanna. Ekki er það þó algilt, nokkru skiptir í hvaða landi brotamennirnir starfa.

Segja má að Íslendingar hafi síðustu ár notið nokkurrar verndar gagnvart afbrotum af þessu tagi. Þar er vísað til gjaldeyrishafta sem sett voru á eftir hrun fjármálakerfisins 2008 og hindra óheft flæði fjármagns frá landinu. Sú hættu er því fyrir hendi að brotum fjölgi þegar gjaldeyrishöft verða afnumin.

Nokkur dæmi eru um fjársvik þar sem fólk tekur íbúð á leigu á netinu áður en það kemur til landsins erlendis frá. Gengið er frá fyrirframgreiðslu, til dæmis tryggingagjaldi. Þegar leigjandi kemur til landsins finnst umsamin íbúð ekki eða er ekki til leigu. Leigjandi er þá iðulega með lítið annað í höndunum en nafn leigusala, sem er ýmist erlent, falskt eða ekki til í þjóðskrá. Að sama skapi verða Íslendingar fyrir slíkum svikum í viðskiptum við útlönd, til dæmis í tengslum við leigu á húsnæði. Ekki eru merki þess að skipulagðir hópar standi að baki þessum svikum en hins vegar krefjast þau oft mikils skipulags, eru framin af mörgum og eru stunduð með hagnað að markmiði.

9.2 Fjárkúgun

Nokkur dæmi eru um fjárkúganir á netinu, eins og svokallaðar DDoS netárásir á tölvukerfi fyrirtækja (e. Distributal denial of service). Tölvupóstur er sendur þar sem ákveðinn hópur gengst við árásinni og hótar stærri árás ef ekki er greidd ákveðin upphæð. Hópurinn DD4BC er virkur í slíkum hótunum og hefur beitt sömu aðferðafræði gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Upphaflega beindust árásir hópsins gegn BitCoin-síðum og þjónustuaðilum, en hópurinn hefur frá áramótum fært sig í átt að öðrum rekstrarformum og sótt til fleiri landa. Talið er að hópurinn tengist Ástralíu og Nýja Sjálandi.

Einnig er dæmi um að tilkynnt hafi verið til lögreglu að trójuhest eða tölvuóværu (e. ransomware) hafi verið hlaðið inn í tölvu eða tölvukerfi sem veldur því að gögn dulkóðast og ekki er unnt að opna þau án lykilorðs. Í kjölfarið birtist á viðkomandi tölvu tilkynning þar sem kemur fram að eigandi tölvunnar geti endurheimt dulkóðuðu gögnin gegn greiðslu. Berist greiðslan ekki innan tilsetts tíma verði gögnunum eytt.

9.3 Viðbrögð lögreglu

Ofangreind mál eru ekki mörg en eru til marks um nýjar aðferðir við auðgunarbrot sem lögregla er illa í stakk búin að takast á við. Telja má miklar líkur á því að slík brotastarfsemi færist í aukana og að umfang tölvubrota aukist í fyrirsjáanlegri framtíð á Íslandi sem annars staðar á Vesturlöndum. Viðbrögð lögreglu við auknum umsvifum tölvubrotamanna þurfa að felast í aukinni getu auk viðleitni til að vekja almenning, stjórnvöld og stjórnendur fyrirtækja til vitundar um þessa brotastarfsemi.

Víst þykir að lögð verði aukin áhersla á samstarf við erlend lögreglulið til að stemma stigu við brotastarfsemi af þessu tagi og greiða fyrir rannsóknum. Mikilvægt er að íslenskir sérfræðingar eigi

greiðan aðgang að samstarfi lögreglu á vettvangi Evrópulögreglunnar (Europol) og Alþjóðalögreglunnar (Interpol).

10 Fölsuð skilríki

Brot er varða fölsun á skilríkjum eru frekar fátíð innan höfuðborgarsvæðisins. Þau tilvik sem hafa komið upp á tímabilinu varða flest erlenda aðila sem hafa fengið fölsuð skilríki erlendis eða að skilríkjum hefur verið breytt. Í viðtölum komu ekki upp dæmi um að fölsun skilríkja fari fram hér á landi.

Í þessum málaflokki hefur umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum nokkra sérstöðu þar sem Keflavíkurflugvöllur er fyrsti snertiflötur rúmlega 90% þeirra sem til landsins koma. Þar eiga því oft upptök sín lögreglumál sem kalla á flóknar rannsóknir og á það t.a.m. við um fíkniefnasmygl, mansal, skjalafals og fleira. Fjöldi lögreglumanna á Suðurnesjum hefur ekki haldist í hendur við stórauðna fjölgun ferðamanna. Á Suðurnesjum voru 33 einstaklingar handteknir á árinu 2014 fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum eða skilríkjum annars aðila. Við rannsóknir þessara mála er nær undantekningalaust að finna skipulagða brotastarfsemi a.m.k. hvað varðar skipulagningu ferðarinnar, miðakaup, skilríki og fleira.

11 Glæpastarfsemi tengd smygli á fólki

Skipulögð glæpastarfsemi hefur um langa hríð tengst ólöglegum flutningum á fólki og mansali. Um þetta vitnar t.d skýrsla UNDOC, United Nations Office on Drugs and Crime (Stofnun Sameinuðu þjóðanna sem berst gegn fíkniefnum og glæpum) er nefnist *The Role of Organized Crime in the Smuggling of Migrants from West Africa to the European Union*“ frá 2011.

Mikill fjöldi flóttamanna frá stríðshrjáðum löndum s.s. Sýrlandi, Írak og Líbýu leitar nú skjóls í Evrópu. Flóttafólk kemur einnig frá öðrum svæðum svo sem Vestur- og Austur-Afríku og Afganistan. Rætur þessara fólksflutninga eru þekktar; stríð, slæmt stjórnarfar og fátækt eru þar á meðal.

Alþjóða flóttamannastofnunin áætla að nágrennaríki Sýrlands; Írak, Tyrkland, Líbanon, Jórdanía og Egyptaland hafi tekið á móti um fjórum milljónum sýrlenskra flóttamanna. Talið er að um átta milljónir manna séu á vergangi innan Sýrlands.

Hinn mikli fjöldi manna sem misst hefur heimili sín í Sýrlandi, takmörkuð geta og/eða vilji nágrennaríkja til að taka á móti fleira flóttafólki og áframhaldandi átök í Sýrlandi og Írak eru þættir sem gefa tilefni til að ætla að straumur flóttamanna til Evrópu muni halda áfram næstu misseri og frekar búist við að hann muni aukast.

Evrópuráðið lýsti yfir þann 23. apríl 2015 að það hygðist sporna gegn ólöglegum fólksflutningum og smygli á fólki m.a. með því að uppræta „net“ smyglaranna og eyðileggja skip og báta sem væru notuð í þeim tilgangi að smygla fólki. Frá þeim tíma hefur fjöldi flóttamanna sem koma til Evrópu með ólögætum hætti stóraukist.

Talið er að skipulögð glæpasamtök svo sem Cosa Nostra á Sikiley, Ndrangheta í Calabríu, Camorra-mafían í Napólí og skipulögð glæpasamtök í Róm sem ganga undir heitinu Mafia Capitale hafi í auknum mæli snúið sér að ólöglegum fólksflutningum þar sem þau geta hagnast verulega án mikillar áhættu.

Í mjög einfölduðu máli má leitast við að skýra vandann á eftirfarandi hátt: Fólk flýr stríð og/eða afar bág kjör og er tilbúið að eyða fjárhæðum sem eru í engu samræmi við tekjur þess og/eða sparnað til þess að bæta kjör sín. Í Afríku taka fjölskyldur, þorp eða heilu ættbálkarnir sig saman til að greiða fyrir för einstakra manna til Evrópu. Í Sírylandi eru fjölskyldur reiðubúnar til að verja samanlögðum ævisparnaði eða taka himinhá lán svo einhverjir meðlimir fjölskyldunnar megi sleppa við hörmungar stríðsins. Tugir þúsunda flóttamanna eru þannig reiðubúnar til að greiða á milli 2.000 og 10.000 evrur fyrir einn farmiða til Evrópu.

Þann 3. september s.l. sagði Rob Wainright, yfirmaður Evrópulögreglunnar (e. Europol), að upplýsingar væru um allt að 30.000 einstaklinga sem tengdust smygli á fólki og að 1.400 rannsóknir á hugsanlegu mansali (e. trafficking in human beings) hefðu þegar hafist á árinu 2015. Innan Evrópulögreglunnar (Europol) líta menn þessa þróun alvarlegum augum og ljóst er að ólöglegir fólksflutningar hafa nú þegar skapað mikinn vanda í mörgum ríkjum álfunnar. Þannig stóðu Danir frammi fyrir því í byrjun september 2015 að þúsundir manna komu til landsins frá Þýskalandi. Neyðarástand skapaðist og eftirgrennslan lögreglu hefur leitt í ljós tilvik þar sem tengsl hafa komið fram við skipulagða brotahópa auk mansalsmála.

Skipulögð glæpasamtök hagnýta sér vonir flóttamanna um betra líf og jafnframt bjargarleysi þeirra í nýjum aðstæðum. Dæmi eru um að flóttamenn séu seldir í kynlífsánauð eða þrældóm.

Sú þróun sem hér hefur verið gerð að umtalsefni snertir Ísland með ýmsu móti. Líklegt þykir þegar þetta er skrifað að Íslendingar muni á næstu misserum taka á móti fjölda flóttamanna. Í því samhengi ber að hafa í huga það sem ritað var hér að framan um bága stöðu flóttafólks og þá hættu að viðkomandi sæti kúgun og misneytingu af hálfu skipulagðra glæpasamtaka. Ljóst er að íslenska lögreglan - og raunar samfélagið allt - mun standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum sem fylgja munu auknum fjölda flóttafólks í landinu.

12 Lokaorð

Við vinnslu þessarar skýrslu kom fram það almenna mat lögreglunnar á Íslandi að hún sé ekki fær um að halda uppi ásættanlegri frumkvæðislöggæslu vegna fjárskorts og manneklu.

Lögreglan er undirmönnuð og brýnt er að fjölga lögreglumönnum. Í áfangaskýrslu nefndar um gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland frá 8. mars 2013 sem innanríkisráðherra kynnti á Alþingi kom fram sú forgangsröðun að fjölga bæri almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt lögreglueftirlit og styrkja sérhæfðar deildir lögreglunnar á öllum sviðum s.s. rannsóknardeildum sérdeildum sem starfa á landsvísu og í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli. Auk þess að bæta búnað og þjálfun lögreglumanna.

Greiningardeild telur að huga beri að stofnun rannsóknarteymis sem starfi á landsvísu og aðstoði lögregluumdæmin við rannsókn og úrvinnslu flókinna mála, t.d. tölvurannsóknir og fíkniefnamál sem krefjast mikillar sérfræðikunnáttu.

Nú er starfrækt í landinu ein vopnuð lögreglusveit; sérsveit ríkislögreglustjóra. Hún er sérstaklega þjálfuð til þess að takast á við hættuleg tilvik svo sem vopnamál, gíslatökur, hættulega einstaklinga og hópa. Styrkur hennar hefur veruleg áhrif á starfsemi lögreglunnar á landsvísu. Sérsveitin hefur ekki náð þeim styrk sem stefnt var að í upphafi. Efling sérsveitarinnar gæti ekki síst gagnast landsbyggðinni í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi.

Heimilisofbeldi hefur lengi verið mein í íslensku samfélagi. Heimilisofbeldi fellur skilgreiningu samkvæmt ekki undir hugtakið skipulögð glæpastarfsemi en þessi brot er engu að síður mjög alvarleg og hafa mikil og neikvæð samfélagsleg áhrif. Lögreglan hefur beint sjónum sínum í æ ríkari mæli að þessum vanda. Til að leggja enn frekari áherslu þennan málaflokk gaf ríkislögreglustjóri út sérstakar verklagsreglur og fyrirmæli til allra lögregluumdæmanna í byrjun árs 2015.

Í framhaldi af útgáfu þessara verklagsreglna hefur tilkynningum, ákærum og dómum fjölgað og hafa nú hátt á fimmta tug slíkra mála komið á borð lögreglu frá áramótum. Fram kom á fundum greiningardeildar með lögregluumdæmunum að þessar rannsóknir séu bæði flóknar og tímafrekar og takmarki þannig um leið getu lögreglunnar til þess að sinna annarri frumkvæðisvinnu.